

Mál nr. 72/1999

**M
og
Vátryggingafélagið V v/A og B
og frjálsrar áb.tr. sveitarfélags.**

Umferðaróhapp á Kaupvangsstræti á Akureyri þ. 3.11. 1997.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23.3. 1999.
2. Lögregluskýrslur dags. 3.11.1997, 13.5.1998 og upplýsingaskýrsla ódags.
3. Bréf V. dags. 8.4.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1091/1997

Málsatvik.

A ók vestur Kaupvangsstræti á steiptan stöpul sem var á miðri akreininni. Þegar óhappið varð var snjócoma og akbraut blaut þannig að stöpullinn sást illa. Stöpullinn hafði verið settur nokkru ofar í götunni ásamt fleiri merkingum vegna gatnagerðarframvæmda þar. Ökumaður A segist ekki hafa tekið eftir stöplinum fyrr en hann var um meter frá honum vegna slæmst skyggnis og þess að litur stöpulsins hafi fallið inn í blauta götuna og ekki tekist að stöðva. Ökumaður B segir, að hann hafi umræddan dag ekið austur Kaupvangsstræti á plaststólpa en síðan hafi komið mikið högg á B en hann haldið áfram og stöðvað B nokkru neðar í götunni. Ökumaður B segist síðan hafa farið út úr og séð steinstólpa hægra megin við B ásamt rauðum plaststólpum og hafi hann losað þetta frá B og farið af vettvangi. Steinstólpinn hafi verið um einum metra frá gangstéttarbrúninni úti á götunni og hafi hann ekki getað fært hann vegna þess hvað hann var þungur. Lögreglu barst ekki tilkynning um umferðaróhapp B og steinstöpull væri á miðri götunni.

Álit.

Krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu B vegna þess að bifreiðinni hafi verið ekið á steinkeilu sem við það hafi færst úr stað og verið skilin eftir á miðri akrein. V hafnar bótaskyldu og telur ekki samhengi á milli þess, að B hafi ekið á steinkeilu og að A hafa ekið á sömu steinkeilu nokkru síðar. Ökumaður B ók á steinkeilu og færði hana út á götuna og skyldi hana þar eftir án þess að gera tilraun til að færa hana úr akstursleið eða láta vita af veru hennar á miðri akreininni. Umferðaróhapp A orsakast af því, að B hafði með akstri sínum fært umrædda steinkeilu úr stað og út á akstursleið bifreiðar við þær aðstæður sem áður greinir. Umferðaróhapp A stafar því af akstri B og er beint orsakasamhengi þar á milli. Þá ber B fulla sök á því, að umferðaróhappið var þar sem að ökumaður gerir hvorki tilraun til að fjarlægja steinkeiluna af götunni né lætur vita af henni þar.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu B

Reykjavík 27.4.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.